Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# S T A R F S L E Y F I

fyrir gististað; íbúðir (Urðarstígur 16) að Urðarstíg 16, F2007701, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Landás ehf.

Heimilisfang: Skíðsholt, 311 Borgarbyggð

Kennitala: 650505-0770

**Gildir frá: 9. janúar 2026** **Gildir til: 9. janúar 2038**

---

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 9. janúar 2026

HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## Greinargerð með starfsleyfi fyrir íbúðargistingu að Urðarstíg 16.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund íbúðir, að Urðarstíg 16 þann 11. desember 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 8. janúar 2026. Umsækjandi um starfsleyfi er Landás ehf., kt. 650505-0770.

**Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs reksturs íbúðagistingar að Urðarstíg 16.**

Umsókn Landáss ehf., kt. 650505-0770, dags. 12. nóvember 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1885. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 9. janúar 2026, um starfsleyfi fyrir gististað; íbúðagistingu að Urðarstíg 16, F2007701, rými 01 0101. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Dags. 20.01.2026

Aron Jóhannsson

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík